2/3 pörtum virðingarverðsins, og á veðið sjálfsagt að minsta kosti að vera trygt fyrir alt virðingarverðið; en hins vegar verðr að virða viðkomandi hús eptir því, sem það er ætlað að geta gengið í kaupum og sölum; og má ekki ákveða verð hússins eptir því, sem kostað hefir verið til að byggja það, eðr eptir því, sem það er trygt fyrir gegn eldsvoða. 25 6ta nóvbr.

Brèf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir suðr- og vestrumdæminu). 26 6ta nóvbr.

Eptir að sýslumaðrinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu að tilmælum sveitarstjórnarinnar í Kjalarneshrepp hafði leitt athygli amtsins að því, að fátækratíund hafi aldrei verið goldin til nefnds hrepps af þjóðeigninni Lundey, og beiðst þess, að amtið hlutaðist til um, að slík tíund yrði framvegis greidd hreppnum, hefir herra amtmaðrinn í þóknanlegu brèfi 2. þ. m. látið í ljósi, að yðr sèu ekki kunnar neinar sèrstakar ástæður, er geti undanþegið nefnda jörð frá þessu gjaldi, sem annars sè greitt af þjóðeignum, eins og öðrum jörðum á landinu, þó það kynni að mega álítast vafasamt, hvort það tíundarfrelsi, sem jörð þessi tjáist að hafa verið aðnjótandi í ómuna tíð, sè ekki búið að vinna slíka helgi, að jörðin nú ekki geti orðið svipt því. Yðr þykir því geta verið ástæða til að neita greiðslu fátækratíundar af nefndri jörðu, en láta dómstólana skera úr málinu, ef hreppprinn vill halda áfram kröfu sinni.

Af þessu tilefni skal eg, jafnframt því að geta þess, að ekki sè skylt að greiða fátækratíund af öllum þjóðjörðum, smb. brèf dómsmálastjórnarinnar 21. febrúar 1870 og 31. október 1871 — og að tíundin, þar sem hún er goldin, muni vanalega greidd af ábúöndunum — hèr með þjónustusamlega tjá yðr til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, að ástæða virðist ekki vera til að greiða fátækratíund af tekjum landssjóðsins af Lundey, nema því að eins, að dómstólarnir, sem eptir eðli málsins eiga úr því að skera, dæmi þessa skyldu á eyjuna.

Brèf landshöfðingjans (til lögreglustjórans í Reykjavík). 27 6ta nóvbr.

Með þessu brèfi er meðal annars skipað fyrir, að fangahaldið bæði í hegningarhúsinu í Reykjavík og í fangelsi því, sem með því er sameinað, skuli fram fara fyrst um sinn á kostnað landssjóðsins, og að þessi kostnaðr skuli að því, er snertir fangelsið samkvæmt 6. grein tilsk. 4. marz 1871 endrgoldinn úr jafnaðarsjóði hlutaðeigandi amts eðr úr bæjarsjóði Reykjavíkr með þessum upphæðum, sem dómsmálastjórnin hefir tiltekið í brèfi 28. febrúar þ. á.:

24 sk. daglega fyrir hvern fanga, er hefir venjulegt fangaviðrværi; en
12 — — — — —, er sitr við vatn og brauð.

Brèf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir norðr og austrumdæminu). 28 7da nóvbr.

Með brèfi frá 28. septbr. þ á. meðtók eg ummæli herra amtmannsins um erindi Sigurðar Sigurðssonar á Flatnefsstöðum í Húnavatnssýslu, þar sem hann skýtr úrskurði yðar frá 26. septbr. f. á. til úrlausnar landshöfðingjans, en þessi úrskurðr segir hann skyldan fram að færa dótturbarn sitt Ólöfu Jóhannsdóttur að svo miklu leyti, sem foreldrar barnsins ekki sèu þess um komnir, og að endrgjalda Kirkjuhvammshreppi kostnað þann, sem leitt hafi af og framvegis muni leiða af framfærslu þess. Skal því tjáð yðr til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum það, er nú segir:

Barn það, sem getið var um, er eptir því, sem fram hefir komið í málinu, óskilgetin dóttir skilgetinnar dóttur kærandans. Móðir barnsins hefir gefið með því að öllu leyti, þangað til það var 2 ára, og síðan hefir hún lagt með því 2 vættir árlega eðr þriðjung fullrar með-